9. febrúar 2021

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 462 — 370. Mál. Stjórnartillaga.

Ég mótmæli því að Hvammsvirkjun sé í orkunýtingarflokki rammaáætlunar, ásamt öðrum virkjanakostum í neðri-Þjórsá, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Ég er íbúi í Skeiða-og Gnúpverjahrepp, alin upp á bökkum Þjórsár, og hef áður, ásamt öðrum, sent inn athugasemdir varðandi fyrirhugaða virkjun, en mikil andstaða ríkir hjá stórum hópi einstaklinga sem bæði hafa tengingu við svæðið sem og þeir sem telja að óhjákvæmileg og óafturkræf röskun muni eiga sér á náttúruauðlindum og náttúrulegum fjölbreytileika á svæðinu.

Ég vil byrja á því að að gagnrýna að ekki hafi verið gert nýtt heildstætt umhverfismat, heldur sé verið að byggja á umhverfismati frá árinu 2004 sem gert var fyrir aðra virkjun.
Hér er um að ræða stórar ákvarðanir sem hafa ekki aðeins áhrif á samfélagið í dag, heldur einnig samfélög komandi kynslóða og ekki síst hvaða áhrif þetta mun hafa á landslag, landnýtingu og líffræðilegan fjölbreytileika á svæðinu.

Ég tel að fyrirhuguð virkjun muni hafa slæm áhrif á samfélag okkar í sveitinni og fyrst og fremst að hún hafi slæm áhrif á náttúru svæðisins, sem ætti að vernda.
Ekki hafa verið settar fram ugglausar ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja að Viðey, sem er verndað svæði, muni ekki raskast við framkvæmdirnar, en það er svæði sem býr yfir mikilvægum líffræðilegum fjölbreitileika gróðurs og þarf að mínu mati að tryggja að svæðið hljóti ekki skaða af.
Framkvæmdir munu án efa hafa í för með sér eyðileggingu á gróðri og jarðvegi, stór svæði af grónu landi fara undir lón, vegi, skurði og haugsvæði. Og þegar áin er færð úr sínum náttúrulega farvegi og leidd um skurði er hætta á áfoki.

Ég er heilshugar á móti því að lífríki skuli vera fórnað eða fái ekki að njóta vafans á kostnað raforkuvirkjunar sem ekki þarf á að halda.

Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir